

Stjórnarfundur í Eyjafjarðardeild Rauða krossins miðvikudaginn 12. október kl. 17. Fundurinn var haldinn í Viðjulundi 2.

Viðstödd: Gunnar Frímansson formaður, Karen Malmquist varaformaður, Jón Baldvin Hannesson ritari, Kristín Björk Gunnarsdóttir gjaldkeri, Hilmar Friðjónsson, Kristjana V. Valgeirsdóttir, Sigríður Stefánsdóttir, og Þorsteinn K. Björnsson.

Fundarefni:

1. Frú Ragnheiður
Berglind Júlíusdóttir verkefnisstjóri sagði frá verkefninu og æðaskanna sem ráðgert er að kaupa og verið er að safna fyrir.
2. Málefni flóttafólks
Róbert Theodórsson verkefnisstjóri Eyjafjarðardeildar kynnti starfssvið sitt og verkefni. Ræddar voru ýmsar hugmyndir um að koma af stað félags- og tólmstundastarfi fyrir innflytjendur á svæðinu.
3. Önnur verkefni
Sóley B. Stefánsdóttir verkefnastjóri sagði frá þeim verkefnum Eyjafjarðardeildar sem hún hefur sinnt að undanfögnu.
4. Húsnæðismál
Deildarstjóri gerði grein fyrir nýtingu á húsnæði deildarinnar í Viðjulundi og kynnti samninga um afnot af suðurenda til hundasnyrtingar og um afnot Karlakórs Akureyrar/Geysis af Suðursal. Tímabundin staða umsjónarmanns húseignar hefur verið auglýst til umsóknar vegna leyfis húsvaðar.
5. Fjárhagsstaðan eftir 9 mánuði
Deildarstjóri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu deildarinnar eftir fyrstu 9 mánuði ársins og horfum til ársloka.
6. Viðhald húsnæðis
Kynntar voru hugmyndir um lagfæringar á gólfum og stiga í norðurenda. Stjórnin samþykkir að fela deildarstjóra að semja við fagmann um endurnýjun gólfefnis á skrifstofum, gangi og stiga í norðurenda.
7. Önnur mál.
 - Karen Malmquist sagði frá málefnum Fjölsmiðjunnar.
 - Kristín Björk Gunnarsdóttir lagði til að stjórnin héldi áfram stefnumótunarvinnunni sem hófst sl. haust.
 - Deildarstjóri sagði frá væntanlegum breytingum á verkefnastjórn Frú Ragnheiðar.